

Tryggingarsjóður
innstæðueigenda og fjárfesta

Ársreikningur 2019

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Kt. 510400-3560

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--|------|
| Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2019 | 3 |
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 4 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 6 |
| Innstæðudeild: | |
| Rekstrarreikningur | 8 |
| Efnahagsreikningur | 9 |
| Sjóðstreymi | 10 |
| Skýringar | 11 |
| Verðbréfadeild: | |
| Rekstrarreikningur | 13 |
| Efnahagsreikningur | 14 |
| Sjóðstreymi | 15 |
| Skýringar | 16 |

Heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag árið 2019

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild og verðbréfadeild.

Rekstur 2019

| | Innstæðudeild | Verðbréfadeild |
|----------------------------------|------------------|----------------|
| Tekjur | | |
| Iðgjöld aðildarfyrirtækja | 2.880.565 | 911 |
| Fjármunatekjur | 3.422.168 | 10.487 |
| | <u>6.302.733</u> | <u>11.398</u> |
| Gjöld | | |
| Laun og launatengd gjöld | 35.106 | 262 |
| Póknun vegna endurskoðunar | 4.548 | 34 |
| Annar rekstrarkostnaður | 32.635 | 243 |
| Eftirlit og umsýsluþóknun | 120.663 | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | 799.222 | 2.307 |
| | <u>992.174</u> | <u>2.846</u> |
| Tekjur umfram gjöld | <u>5.310.559</u> | <u>8.552</u> |

Efnahagur 31.12.2019

| | Innstæðudeild | Verðbréfadeild |
|---|-------------------|----------------|
| Eignir | | |
| Bankainnstæður og verðbréf | | |
| Sæðlabanki Íslands, bankainnstæður | 118.226 | 291.622 |
| Aðrar bankainnstæður | 282.300 | 0 |
| Skuldabréf | 42.722.583 | 0 |
| | <u>43.123.109</u> | <u>291.622</u> |
| Aðrar eignir | | |
| Kröfur vegna slita fjármálafyrirtækja | 69.375 | 0 |
| Kröfur á aðildarfélög | 664.280 | 0 |
| Krafa á innstæðudeild | 0 | 141 |
| | <u>733.655</u> | <u>141</u> |
| Eignir samtals | <u>43.856.764</u> | <u>291.763</u> |
| Eigið fé og skuldir | | |
| Skammtímaskuldir | | |
| Fjármagnstekjuskattur | 529.836 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 14.242 | 5 |
| Skuld við verðbréfadeild | 141 | |
| | <u>544.219</u> | <u>5</u> |
| Eigið fé | | |
| Eigið fé | 43.312.545 | 291.758 |
| | <u>43.312.545</u> | <u>291.758</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | <u>43.856.764</u> | <u>291.763</u> |

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) var stofnaður 28. desember 1999 og starfar eftir lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag; innstæðudeild og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Sjóðurinn hefur um nokkurt skeið verið þátttakandi í vinnu við lagasetningu sem varðar starfsemi sjóðsins. Þar er annars vegar um að ræða innleiðingu á tilskipun nr. 2014/59/ESB um viðbúnað og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (e. Bank recovery and resolution directive -BRRD). Tilskipunin gengur í daglegu tali undir heitinu BRRD tilskipunin. Hins vegar er yfirstandandi vinna við innleiðingu á tilskipun nr. 2014/49/ESB um innstæðutryggingar (e. Deposit guarantee schemes directive – DGS III) en sú vinna felur í sér heildarendurskoðun á lögum nr. 98/1999 og þar með lagaumhverfi sjóðsins. Frumvarp til laga sem var afrakstur vinnu BRRD nefndarinnar var lagt fram á Alþingi á haustþingi 2019 en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið var lagt fram að nýju á vorþingi 2020. Vinna við DGS III hefur hins vegar legið niðri um nokkurt skeið.

Umtalsverð lækkan varð á iðgjöldum til innstæðudeildar TIF með lögum nr. 59/2019 sem komu til framkvæmda á gjalddaga 1. september 2019. Almenn t iðgjald til innstæðudeildar nam 0,225% á ári af öllum innstæðum innlánsstofnana á fyrri hluta ársins. Að auki var greitt breytilegt iðgjald sem reiknað er samkvæmt áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Lagabreytingin fól í sér að almenna iðgjaldið var lækkað niður í 0,02% á ári af öllum innstæðum upp að 10 milljörðum króna en 0,16% af innstæðum umfram það. Þar sem breytilega iðgjaldið reiknast af almenna iðgjaldinu urðu samsvarandi breytingar á því til lækkunar. Ástæða lagabreytingarinnar er sterk staða innstæðudeildar þegar litið er til þeirra lágmarkskrafna sem fram koma í DGS III og alþjóðlegs samanburðar.

Hluti eignasafns innstæðudeildar í innlendri mynt var boðinn út á árinu og varð Íslandsbanki hlutskarpastur í því útboði. Þrjú fjármálafyrirtæki sjá um stýringu eigna innstæðudeildar, Íslensk verðbréf hf., Íslandsbanki og Kvika banki hf.

Heildareignir innstæðudeildar námu í árslok 43,9 milljörðum króna og eigið fé var 43,3 milljarðar króna. Ávöxtun fjármuna í virkri stýringu nam 6,54% á árinu en raunávöxtun þessara fjármuna nam 6,54%. Samkvæmt fjárfestingarstefnu sem samþykkt var í stjórn TIF í lok árs 2017 skulu um 35% af heildareignum innstæðudeildar sjóðsins hverju sinni vera í erlendum eignum og skal því marki náð á þremur árum. Viðmiðunarmynt þeirra eigna er evrur. Er þetta gert í ljósi þess að áhætta sjóðsins er að hluta bundin við evrur og verður einnig að hluta bundin við evrur eftir að DGS III hefur verið innleidd í lög hér á landi.


Heildareignir verðbréfadeildar skulu að lágmarki nema 100 millj. kr. samkvæmt lögum nr 98/1999. Eigið fé deildarinnar nam 291,8 milljónum króna í árslok 2019. Einungis er innheimt iðgjald vegna nýrra aðildarféлага. Fjármunir verðbréfadeildar eru geymdir á reikningum í Seðlabanka Íslands í íslenskum krónum.


Á árinu 2019 var einn starfsmaður á launum hjá sjóðnum. Gjaldfærð laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 28,2 millj. kr. og launatengd gjöld námu 6,9 millj. kr. Launakostnaður skiptist á deildir í hlutfalli við eigið fé í upphafi árs.

Stjórn TIF og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning TIF fyrir árið 2019 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 24/2 2020

Stjórn:


Ari Friðsson
Stjóri TIF
Ólafur Þór Þinnes




Framkvæmdastjóri:



STAÐFESTING FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA:

Fjármála- og efnahagsráðuneyti. Dags: ^{26/2} 2020


Fjármála- og efnahagsráðherra

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta („sjóðurinn“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir báðar deildir sjóðsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunaraðgagna til að búa álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, ²⁵/₂ 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2019

Innstæðudeild

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|----------------------------------|----------|-------------------------|-------------------------|
| Tekjur | | | |
| Iðgjöld aðildarfyrirtækja | 2 | 2.880.565 | 3.529.543 |
| Fjármunatekjur | 3 | 3.422.168 | 1.635.970 |
| | | <u>6.302.733</u> | <u>5.165.513</u> |
| Gjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 35.106 | 32.602 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 37.183 | 34.190 |
| Eftirlit og umsýslubóknun | 4 | 120.663 | 60.752 |
| Fjármagnstekjuskattur | 6 | 799.222 | 368.923 |
| | | <u>992.174</u> | <u>496.467</u> |
| Tekjur umfram gjöld | 8 | <u><u>5.310.559</u></u> | <u><u>4.669.046</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Innstæðudeild

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|-------|------------|------------|
| Eignir | | | |
| Bankainnstæður og verðbréf | | | |
| Seðlabanki Íslands, bankainnstæður | 5 | 118.226 | 235.563 |
| Aðrar bankainnstæður | 5 | 282.300 | 687.232 |
| Skuldabréf | 7 | 42.722.583 | 36.297.167 |
| | | 43.123.109 | 37.219.962 |
| Aðrar eignir | | | |
| Kröfur á aðildarfélög | 2 | 664.280 | 922.094 |
| Kröfur vegna slita fjármálafyrirtækja | 9 | 69.375 | 131.392 |
| | | 733.655 | 1.053.486 |
| Eignir samtals | | 43.856.764 | 38.273.448 |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Fjármagnstekjuskattur | 6 | 529.836 | 258.918 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 14.242 | 10.874 |
| Skuld við verðbréfadeild | | 141 | 1.670 |
| | | 544.219 | 271.462 |
| Eigið fé | | | |
| Eigið fé | 8 | 43.312.545 | 38.001.986 |
| | | 43.312.545 | 38.001.986 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 43.856.764 | 38.273.448 |

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2019

Innstæðudeild

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|--------------------------------------|-------|-----------------------|-----------------------|
| Tekjur umfram gjöld | | 5.310.559 | 4.669.046 |
| Breytingar á eignum | (| 6.105.586) | (9.553.232) |
| Breytingar á skuldum | | <u>272.757</u> | <u>4.091</u> |
| Aukning handbærs fjár | (| 522.269) | (4.880.095) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | <u>922.795</u> | <u>5.802.890</u> |
| Handbært fé í árslok | 5 | <u><u>400.526</u></u> | <u><u>922.795</u></u> |

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsverði og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Almennum rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar hlutfallslega í samræmi við hreina eign hvorrar deildar í ársbyrjun. Hvor deild fyrir sig ber sértækan kostnað sem varðar þá deild sérstaklega. Þannig ber innstæðudeild að fullu þóknarir vegna eignastýringar og eftirlits með eignastýringu, enda eru eignir verðbréfadeildar ekki í stýringu.
- c. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
- d. Viðskiptaþóknarir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknarir, föst umsýsluþóknun fyrir eignastýringu og þóknun vegna eftirlits með eignastýringu eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

2. Iðgjöld aðildarfyrirtækja

Samkvæmt lögum nr. 98/1999 greiða innlánsstofnanir almennt iðgjald til innstæðudeildar og að auki breytilegt iðgjald sem reiknað er samkvæmt áhættustuðli sem Fjármálaeftirlitið gefur hverri innlánsstofnun. Almennt iðgjald nam 0,225% á ári af öllum innstæðum eins og þær eru skilgreindar í 3. mgr. 9. gr. laganna á fyrri helming ársins. Frá og með gjalddaganum 1. september 2019 nam almennt iðgjald 0,02% á ári af öllum innstæðum upp að 10 milljörðum kr. en 0,16% af innstæðum umfram það. Iðgjald vegna 4. ársfjórðungs var greitt á gjalddaga þann 1. mars 2020 og er fært í rekstrarreikningi ársins 2019 og sem kröfur á aðildarfélög í efnahagsreikningi í árslok.

Iðgjöld aðildarfélaga greinast sem hér segir:

| | 2019 | 2018 |
|---------------------------------|------------------|------------------|
| Almennt iðgjald | 2.562.148 | 3.082.119 |
| Áhættuvegið iðgjald | 318.417 | 447.424 |
| Tekjufærð iðgjöld samtals | <u>2.880.565</u> | <u>3.529.543</u> |

3. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur greinast sem hér segir:

| | 2019 | 2018 |
|--|------------------|------------------|
| Tekjur af verðbréfum | 3.320.608 | 1.036.282 |
| Tekjur af bankainnstæðum | 17.350 | 89.036 |
| Gengismunur | 98.055 | 501.898 |
| Matsbreyting krafna vegna slita fjármálafyrirtækja | (13.845) | 8.754 |
| Fjármunatekjur samtals | <u>3.422.168</u> | <u>1.635.970</u> |

4. Eftirlit og umsýsluþóknun

Kostnaður við eftirlit, ráðgjöf og umsýslu við verðbréfasafn greinist eftirfarandi:

| | 2019 | 2018 |
|---------------------------------|----------------|---------------|
| Umsýsluþóknun vörsluaðila | 101.478 | 38.818 |
| Eftirlit | 12.110 | 10.656 |
| Ráðgjöf | 7.075 | 11.278 |
| Gjaldfært samtals | <u>120.663</u> | <u>60.752</u> |

5. Bankainnstæður

Bankainnstæður greinast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|--|----------------|----------------|
| Innstæður í Seðlabanka Íslands: | | |
| Bankainnstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum | 108.132 | 224.373 |
| Bankainnstæður í Seðlabanka í erlendri mynt | 10.094 | 11.190 |
| Samtals í Seðlabanka Íslands | <u>118.226</u> | <u>235.563</u> |

Skýringar, frh.:

Aðrar innstæður:

| | | |
|---|----------------|----------------|
| Innstæður hjá fjármálafyrirtækjum í ISK | 205.972 | 631.880 |
| Innstæður hjá fjármálafyrirtækjum í erlendri mynt | 76.328 | 55.352 |
| | <u>282.300</u> | <u>687.232</u> |

6. Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur af hagnaði verðbréfa er færður til gjalda og skuldar í árslok. Sá hluti fjármagnstekjuskatts sem kemur vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa í árslok myndar skuldbindingu.

7. Eignir í stýringu

Fjögur fjármálafyrirtæki sjá um stýringu eigna innstæðudeildarinnar, Landsbankinn hf., Íslensk verðbréf hf., Kvika banki hf. og Íslandsbanki hf. Eignir í stýringu greinast þannig eftir fjármálafyrirtækjum og eignaflokkum:

| | Íslensk ríkisskuldabréf | Erlend ríkisskuldabréf | Önnur skuldabréf | Samtals verðbréf | Banka- innstæður | Samtals |
|--------------------------------|----------------------------|---------------------------|---------------------|---------------------|---------------------|-------------------|
| Íslandsbanki - innlent | 9.904.915 | 0 | 0 | 9.904.915 | 1.077 | 9.905.991 |
| Íslensk verðbréf - innlent ... | 10.059.676 | 0 | 0 | 10.059.676 | 29.152 | 10.088.829 |
| Kvika banki - innlent | 10.058.604 | 0 | 0 | 10.058.604 | 77 | 10.058.681 |
| Kvika banki - erlent | | 6.445.153 | 0 | 6.445.153 | 64.057 | 6.509.210 |
| Íslandsbanki - erlent | | 5.203.884 | 1.050.351 | 6.254.235 | 173.216 | 6.427.451 |
| Samtals | <u>30.023.195</u> | <u>11.649.037</u> | <u>1.050.351</u> | <u>42.722.583</u> | <u>267.579</u> | <u>42.990.162</u> |

Meðalávöxtun eigna árið 2019 var 8,69% að nafnverði og skiptist þannig eftir eignastýrendum:

| | Ávöxtun ársins 2019 | Ávöxtun ársins 2018 |
|--|------------------------|------------------------|
| Samtals eignir í stýringu | 8,69% | 4,43% |
| Íslandsbanki (2018: Landsbanki) - innlent safn | 8,55% | 3,70% |
| Íslensk verðbréf hf. - innlent safn | 12,77% | 3,30% |
| Kvika banki hf. - innlent safn | 12,35% | 4,13% |
| Kvika banki hf. - erlent safn | 3,19% | 7,26% |
| Íslandsbanki hf. - erlent safn | 1,97% | 7,38% |

8. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|---------------------------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé 1.1 | 38.001.986 | 33.332.940 |
| Tekjur umfram gjöld | 5.310.559 | 4.669.046 |
| Eigið fé 31.12 | <u>43.312.545</u> | <u>38.001.986</u> |

9. Kröfur á hendur félögum sem tóku við eignum af protabúum fjármálafyrirtækja

Sjóðurinn á kröfur á hendur þeim félögum sem urðu til í kjölfar þess að Fjármálaeftirlitið tók yfir stjórn stærstu viðskiptabanka og sparisjóða landsins á árinu 2008. Á árinu 2016 fékk sjóðurinn í sinn hlut skuldabréf og hlutabréf sem voru gefin út af félögum sem voru stofnuð í kjölfar nauðasamninga föllnu fjármálafyrirtækjanna. Kröfurnar eru færðar til eignar í efnahagsreikningi í samræmi við áætlaðar endurheimtur en greiðslur á árinu námu fjárhæð 48,2 millj. kr.

Rekstrarreikningur ársins 2019

Verðbréfadeild

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|----------------------------------|-------|---------------|---------------|
| Tekjur | | | |
| Iðgjöld aðildarfyrirtækja | 2 | 911 | 1.176 |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 10.487 | 11.050 |
| | | <u>11.398</u> | <u>12.226</u> |
| Gjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 262 | 268 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 277 | 281 |
| Fjármagnstekjuskattur | | 2.307 | 2.431 |
| | | <u>2.846</u> | <u>2.980</u> |
| Tekjur umfram gjöld | 4 | <u>8.552</u> | <u>9.246</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Verðbréfadeild

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|--|-------|------------|------------|
| Eignir | | | |
| Bankainnstæður og verðbréf | | | |
| Krafa á innstæðudeild | | 141 | 1.670 |
| Seðlabanki Íslands, bankainnstæður | 3 | 291.622 | 281.559 |
| | | 291.763 | 283.229 |
| Eignir samtals | | 291.763 | 283.229 |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Aðrar skuldir | | 5 | 23 |
| | | 5 | 23 |
| | | | |
| Eigið fé | | | |
| Eigið fé | 4 | 291.758 | 283.206 |
| | | 291.758 | 283.206 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 291.763 | 283.229 |

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2019

Verðbréfadeild

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|-------|-----------------------|-----------------------|
| Tekjur umfram gjöld | | 8.552 | 9.246 |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum | | <u>1.511</u> | <u>(1.752)</u> |
| Hækkun á handbæru fé | | 10.063 | 7.494 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | <u>281.559</u> | <u>274.065</u> |
| Handbært fé í árslok | 4 | <u><u>291.622</u></u> | <u><u>281.559</u></u> |

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a.** Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b.** Almennum rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar hlutfallslega í samræmi við hreina eign hvorrar deildar í ársbyrjun. Hvor deild fyrir sig ber sértækan kostnað sem varðar þá deild sérstaklega. Þannig ber innstæðudeild að fullu þóknanir vegna eignastýringar og eftirlits með eignastýringu, enda eru eignir verðbréfadeildar ekki í stýringu.

2. Iðgjöld aðildarfyrirtækja

Á árinu var aðeins innheimt vegna nýrra aðildarfélaga skv. 6 gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999. Alls voru innheimtar 911 þús. kr.

3. Handbært fé

| | 2019 | 2018 |
|---|----------------|----------------|
| Innstæður í Seðlabanka í íslenskum krónum | 291.622 | 281.559 |
| | <u>291.622</u> | <u>281.559</u> |

4. Eigið fé

| Breytingar á eigin fé greinast þannig: | 2019 | 2018 |
|--|----------------|----------------|
| Eigið fé 1.1 | 283.206 | 273.960 |
| Tekjur umfram gjöld | 8.552 | 9.246 |
| Eigið fé 31.12 | <u>291.758</u> | <u>283.206</u> |